



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri

Maí og júní 2017



12. maí 2017

Gleðilegt sumar!

Þá er komið að síðustu vikum skólaársins og ekki nema þrjár vikur þar til nemendur okkar verða komnir í sumarfrí. Við leitumst við að nýta góða veðrið sem best og nú þegar hafa komið svo heitir dagar að varla var verandi innan dyra. Þá er aldeilis gaman að hafa þetta skemmtilega umhverfi sem við eigum hér í Glerárhverfi, stutt í dásamlega náttúru sem gaman er að nýta til náms.



Í blálök skólaársins verða uppbrotsdagar sem miða sérstaklega að því að verja meginhluta skóladaganna undir beru lofti við leik og störf. Við endum skólaárið með nemendum okkar 2. júní. Þann dag verður mikið fjör í skólanum með vorhátíð foreldrafélagsins og skólaslitum.

Eins og venja er fer 10. bekkurinn okkar í skólaferðalag og hafði það reyndar verið á döfinni að vera á Snæfellsnesi í yfirstandandi viku. En það kom babb í bátinn, veðurspáin reyndist afleit og ákveðið var að fresta för fram í næstu viku. 10. bekkurinn okkar leggja af stað á Snæfellsnesið n.k. þriðjudag þar sem áætlað er að fara á jökul, í eyjasiglingu og fleira skemmtilegt. Aðalmálið er ekki síst það að njóta þess að vera saman síðustu daga grunnskólans og skapa skemmtilegar minningar.

Nú þegar líður undir lok skólaárs viljum við þakka forráðamönnum fyrir gott samstarf á skólaárinu. Við kunnum vel að meta stuðning foreldra við starfið í skólanum.

„Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst!“

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,
Elínu, Helgu og Tómasi Lárusi



7. tbl. 6. árg

Til umhugsunar:

- Hamingja
- Umburðarlyndi
- Árangur
- Gleði

Efnisyfirlit:

Maí til júní	1
Erasmus+	2
Skil á bókasafns- bókum	2
2. júní	3
Viðburðir	3
Foreldraröltið	4

Erasmus+ verkefnið



Glerárskóli hefur verið þátttakandi í Erasmus+ verkefninu United we play, United we win í eitt og hálft ár. Þetta hefur verið lærdómsríkt ferli og sýnt okkur hversu eflandi slíkt samstarf getur verið fyrir skólastarfið.

Verkefnið gengur út á samvinnu, samhjálp, umburðarlyndi, hreyfingu og hollustu og samræmist vel gildum Glerárskóla. Afrakstur verkefnisins verður rafræn bók sem fjallar um þá leiki sem unnið hefur verið með og mun hún verða aðgengileg á heimasíðu skólans.



Tveir kennarar og tveir nemendur úr Glerárskóla fóru til Ítalíu fyrstu vikuna í maí. Þetta var töluvert ferðalag, alla leið suður til Sardíníu í bæ sem heitir Sassari. Þetta er fjórða ferðin af fimm sem tilheyrir verkefninu. Einnig er búið að heimsækja Litháen, Spán, Búlgaríu og Rúmeníu. Í vor verður lokaferðin farin til Rúmeníu og þá mun fara fram mat á verkefninu.

Skólinn sem heimsóttur var í Sassari er fyrir nemendur á aldrinum 12—16 ára. Á sama skólasvæði eru einnig leikskóli og skóli fyrir 6—11 ára nemendur.




Nemendur skólans voru nýlega búnir að taka skólagarðinn í gegn en þar er bæði matjurtaræktun og trjárækt. Í tilefni Erasmus+ verkefnisins höfðu nemendur gróðursett tré sem þeir tileinkaðu hverju þátttökulandi. Í garðinum mun því vaxa upp tré sem er tileinkað Glerárskóla.

Í hverju heimboði fá gestir að smakka á þjóðarréttum. Í Sassari voru aðallega brauðmeti og pylsur á boðstólum. Sumt var eitthvað sem við Íslendingar erum vön að smakka meðan annað var framandi.



Miðvikudaginn 17. maí er síðasti skiladagur bóka á bókasafnið.



2. júní: Síðasti skóladagurinn, vorhátíð og skólaslit

2. júní er skóladagur ásamt vorhátíð foreldrafélagsins. Vorhátíðin hefst kl. 11:30 og stendur til kl. 13:00. Á vorhátíðinni verður sýning á verkum nemenda og einnig verður ýmislegt skemmtilegt í gangi á skólasvæðinu. Við hvetjum alla til að mæta og eiga með okkur stund. Skipulag vorhátíðar er í höndum stjórnar foreldrafélagsins og bekkjaráða í samvinnu við starfsfólk skólans. Nánari dagskrá kemur eftir helgi.



Að lokinni vorhátíð gerum við ráð fyrir að nemendur safnist í bekkjarstofur þar sem kennarar aðstoða þá við að safna saman munum af vorsýningunni. Kl. 13:30 koma nemendur 1.—7. bekkjar í íþróttasalinn þar sem skólastjóri kveður nemendur og nokkrir nemendur verða með tónlistarflutning. Foreldrar eru velkomnir. Nemendur eiga síðan stund með umsjónarkennara í bekkjarstofum. Skóla lýkur hjá 1.—7. bekk um kl. 14:15 og þar með skoppa börnin út í sumarið.

Skólaslit og útskrift 10. bekkinga verður í Gleráarkirkju kl. 16:30. Þar mæta nemendur í 8.—10. bekk. Að lokinni útskrift er kaffisamsæti 10. bekkinga, fjölskyldna þeirra og starfsmanna Glerárskóla í safnarheimili Gleráarkirkju.

Helstu viðburðir það sem eftir er skólaársins

- 15.—19. maí: Hjólavika í íþróttatímum hjá 5.—10. bekk
- 16.—18. maí: 10. bekkur í skólaferðalagi
- 16.—19. maí: UFA árgangamót hjá 4.—7. bekk á Akureyri
- 23. maí: Vorfundur með tilvonandi 1. bekkingum og forráðamönnum kl 15:00
- 25. maí: Uppstigningardagur—frí í skólanum
- 29. maí: Skipulagsdagur—nemendur í fríi en frístund opin fyrir þá sem eru skráðir
- 30. maí: Uppbrotsdagur
- 31. maí: Uppbrotsdagur

1. júní: Uppbrotsdagur

2. júní: Vorhátíð og skólaslit.

Allar nánari upplýsingar koma frá umsjónarkennurum

**Glerárskóli,
v/Höfðahlíð
600 Akureyri**

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá
kl. 7:45—15:00 en í fríum nemenda er hún
opin frá kl. 10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða: www.glerarskoli.is



HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Við erum á
Facebook:

Skólaslit Glerárskóla 2. júní
1.—7. bekkur kl. 13:30 í íþróttasalnum
8.—10. bekkur kl. 16:30 í Gleráarkirkju

Gleðilegt sumar!



Foreldraröltið

Í vetur hafa foreldrafélög grunnskólanna á Akureyri staðið fyrir svo kölluðu foreldrarölti. Foreldrar barna í Glerárskóla hafa sett sitt lóð á vogarskálarnar í þeim efnum og hafa bekkjarráðin haft milligöngu um röltið. Þetta verkefni hefur farið vel af stað hjá foreldrum og stefnan er að halda ótrauð áfram á næsta skólaári. Gott framtak.

